

## Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þann 24. september 2020 í fjarfundi og hófst kl. 12:30.

Fulltrúar BSRB voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Garðar Hilmarsson, Guðbjörn Arngrímsson og Karl Rúnar Þórsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru: Benedikt Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

#### 1. Starfsmatið – bókun 8 [2020]

IRÓ kynnti fund sem haldinn var með aðilum starfsmatskerfisins í Bretlandi. Til stendur að funda aftur með þeim í október. Starfsmatskerfið hefur verið uppfært í Bretlandi. Verkefnastofa starfsmats mun skoða nýja uppfærslu og í framhaldi af því funda með faglegu samráðsnefndinni.

Samráðsnefndin stefnir á að setja tímasetta verkáætlun um þá vinnu sem framundan er. Stefnt er að fundi faglegu samráðsnefndarinnar um miðjan október.

#### 2. Yfirvinna 1 og 2

Grein 1.5.1 breytist og hljóði svo:

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum.

*Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist á samningstímanum. Ofangreint gildir til 31. desember 2020 varðandi dagvinnufólk og til 30. apríl 2021 hjá vaktavinnufólki. Sjá fylgiskjal 2 og 3.*

*Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á grein 1.5.1 þeirri dagsetningu.*

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1: Kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: Kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: Kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram fullt starf skv. gr. 2.1.1.

*Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á gr.1.5.1 breyttri dagsetningu.*

*Starfi félagsmaður hjá sama sveitarfélagi á fleiri en einni starfseiningu eða stofnun skal við útreikning á yfirvinnu 1 og 2 miða við heildarstarfshlutfall hjá viðkomandi sveitarfélagi eins og um eitt starf væri að ræða.*

### 3. Grein 2.6 um vaktavinnu

Grein 2.6 um vaktavinnu breytist. Eftirfarandi skýringatexti skal koma á undan grein 2.6.1.

*Sbr. fylgiskjal 3 um styttingu vinnutíma vaktavinnufólks breytist grein 2.6 á samningstímanum. Eftirfarandi gildir til 30. apríl 2021.*

*Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á grein 2.6 þeirri dagsetningu.*

### 4. Undirbúningstími í leikskóla

Grein 2.1.5 breytist og hljóði svo:

2.1.5 Sérákvæði um undirbúningstíma

2.1.5.1 Undirbúningstími í leikskóla

Lágmarks undirbúningstími stjórnanda deildar leikskóla, skal vera 5 klst. á viku miðað við fullt starf.

Undirbúningstími starfsmanna í leikskólum með lokapróf í uppeldisfræði á háskólastigi skal vera 4 klst. á viku miðað við fullt starf.

Undirbúningstími notist m.a. til starfsáætlanagerðar, viðtalstíma fyrir foreldra og annars foreldrasamstarfs, atferlisathugana og kynnisferða.

Sérstaklega skal taka tillit til þarfa fyrir undirbúnings- og úrvinnslutíma þegar almennum starfsmönnum leikskóla eru falin verkefni sem að jafnaði eru á verksviði faglærðra starfsmanna eða telja verður að jafnist á við slík verkefni.

Miða skal við að starfsmaður skili öllum undirbúningstíma á starfsstað.

*Það ber að úthluta starfsmönnum viðeigandi tímafjölda til undirbúnings- og úrvinnslutíma miðað við umfang verkefna hverju sinni.*

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30.